

Breytingartillaga vegna texta í áfangaskjali¹

með skýringum

frá Gísla Tryggvasyni

Lagt fram á 16. fundi Stjórnlagaráðs, 12. júlí 2011

Heiti kafla

1. Heiti ákvæðis

| Breytingartillaga | Ákvæði eftir breytingu ² | Ákvæði í áfangaskjali/fyrirliggjandi tillögu |
|--|---|--|
| Við ákvæði 2. mgr. 12. gr. um meðferð þingmála bætist eftirfarandi texti „svo og staðfesting á að jafnræðis hafi verið gætt við samráð á undirbúningsstigi löggjafar.“ | „Mat á áhrifum lagasetningar skal fylgja frumvörpum samkvæmt nánari ákvæðum í lögum svo og staðfesting á að jafnræðis hafi verið gætt við samráð á undirbúningsstigi löggjafar.“ | „Mat á áhrifum lagasetningar skal fylgja frumvörpum samkvæmt nánari ákvæðum í lögum.“ |

Skýring:

Flutningsmaður telur reynslurök standa til þess að stjórnarskráin tryggi jafnræði við samráð við fulltrúa ólíka hagsmuna á undirbúningsstigi löggjafar – þótt óbeint sé samkvæmt tillögunni. Ekki er gengið svo langt að áskilja með *efnisreglu* í stjórnarskrá að jafnræðis sé gætt milli ólíkra hagsmuna við undirbúning löggjafar enda gæti slík regla hugsanlega leitt til ógildingar laga ef út af væri brugðið. Til þess að ná sama markmiði er hér aðeins lögð til *formregla* um að frumvörpum skuli ekki einungis fylgja mat á áhrifum lagasetningar heldur einnig staðfesting á að jafnræðis hafi verið gætt er löggjöf var undirbúin og samin.

Slík staðfesting ætti að koma frá Stjórnarráðinu í tilviki stjórnarfrumvarpa – sem nefnd B gerir ráð fyrir að verði yfirgnæfandi meirihluti frumvarpa eftir sem áður. Í tilviki þingmannafrumvarps yrði

¹ Vinnu við áfangaskjalið lýkur ekki fyrr en drög að frumvarpi liggja fyrir. Allar greinar þess geta því tekið breytingum, einnig samþykktar tillögur.

² Grænt letur og undirstrikað gefur til kynna breytingu eða viðbót miðað við fyrirliggjandi texta.

flutningsmaður að staðfesta slíkt samráð en eðli málsins samkvæmt ætti það líklega sjaldnar og síður við. Eðlilegt væri að slík staðfesting yrði á samræmdu formi í greinargerð eftir nánari reglum sem þingsköp eða leiðbeiningarreglur um gerð frumvarpa kvæðu á um. Misbrestur á að staðfesta jafnræði í samráði við undirbúning löggjafar hefði væntanlega þau áhrif að þingforseti vísaði frumvarpinu frá þar til úr væri bætt – en ætti ekki að leiða til ógildingar laga ef slík staðfesting eða jafnræði í samráði færist fyrir.

Sem dæmi um ólíka hagsmuni sem tillagan lýtur að má í fyrsta lagi nefna hagsmuni framleiðenda annars vegar og neytenda hins vegar í sambandi við tollkvóta. Í öðru lagi má nefna sem dæmi löggjöf um vinnumarkaðsmál og ólíka hagsmuni atvinnurekenda og launafólks. Í þriðja lagi má nefna hagsmuni námsmanna annars vegar og gagnaðila þeirra hjá stofnunum á borð Lánasjóð íslenskra námsmanna og háskóla þegar verið væri að semja lög um námslán eða námsframvindu. Samkvæmt langri reynslu flutningsmanns að störfum fyrir neytendur, launafólk og námsmenn sitja þessir hópar ekki alltaf við sama borð og aðrir hagsmunaðilar þegar löggjöf er undirbúin enda er iðulega haft meira, tímanlegra og dýpra samráð við fulltrúa sterkari hagsmuna.